

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík er fellir úr gildi úrskurð 23
bæjarstjórnarinnar í Reykjavík um ónýtingu á kosningargjörð til bæjarstjórnar. — 20. febr.
Eftir að kosning fimm bæjarfulltrúa fyrir Reykjavíkur kaupstað úr hinum almenna gjald-
enda flokki hafði farið fram 3. f. m. sendi einn af kjósendunum, ritstjóri Björn Jónsson,
bæjarstjórninni kærú í tilefni af kosningargjörð þessari, og fór í henni fram á, að bæ-
jarstjórnin lýsti ógilda hina umræddu bæjarfulltrúakosningu að því er snerti kosningu
þess af hinum kosnu, er hlaut fæst atkvæði, en það var verzlunarstjóri Jón Ó. V. Jóns-
son, og byggði hann þessa kröfu sína á því, að sjer hafi með úrskurði kjörstjórnarinnar
ranglega verið synjað um að greiða atkvæði, fyrir þá sök, að hann hafi komið of seint,
en atkvæði sitt hefði getað haft þá þýðingu, ef það hefði komið að, að sá hinna kosnu,
er fæst atkvæði fjekk, ekki hefði orðið kosinn, heldur annar maður, er hafði einu færri
atkvæði.

Kjörstjórnin lét síðan uppi álit sitt um kærú þessa, og skýrskotaði hún þarí til
úrskurðarsíns, en í honum er tekið fram, að kærandinn hafi mætt meir en 1½ tíma eftir
að búíð hafi verið að kalla alla kjósendur fram, og lesa upp atkvæði þau, er gefin voru,
og eftir að kjörstjórnin hafi verið búin að skýra frá því upphátt, að hún ekki lengur
tæki við atkvæðum, enda hafi hún og verið nær því albúin að reikna saman atkvæðin,
þá er kærandinn hafi komið. Þarsem kærandanum, þegar svona stóð á, var synjað um
að kjósa, þá áleit kjörstjórnin þetta vera í samræmi við 8. gr. bæjarstjórnartilskipunar-
innar frá 20. apríl 1872 og það sem áður hefir tíðkast í því efni.

Bæjarstjórnin tók kærú ritstjóra Björns Jónssonar til umræðu á fundi 15. f. m.,
en með því kjörstjórnin greiddi eigi atkvæði og einn bæjarfulltrúi var fjærverandi voru
aðeins 5, er atkvæði greiddu, og urðu þau úrslit málsins við þá atkvæðagreiðslu, að á-
kveðið var með 3 atkvæðum gegn 2, að kosningin 3. jan. öll saman í heild sinni skyldi
vera ógild.

Þessum úrskurði bæjarstjórnarinnar hafa meðlimir kjörstjórnarinnar í brjefi dags.
26. f. m. bæði sem kjörstjórar og sem kjósendur áfrýjað til landshöfðingjans, og hafa
farið fram á, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, þaræð hann ekki sje lögum sam-
kvæmur, hvorki að formi nje efni. Í þessu tilliti hafa áfrýjendurnir tekið fram, að úr-
skurðurinn að *forminu* til sje rangur að því leyti, að hjer sje úrskurðað um allt annað,
en kært hafi verið yfir: kærán fari því fram, að kosning eins manns sje lýst ógild af
þeirri ástæðu, að kærandanum hafi verið bægt frá að kjósa, en úrskurðurinn ónýti kosn-
ingu allra þeirra fimm manna, er flest atkvæði hlutu, og felli þannig úr gildi kosningu
fjögra bæjarfulltrúa, sem ekki hafi verið kært yfir, og dæmi ólöglega þá aðferð kjör-
stjórnarinnar að taka á móti atkvæðum eftir að hálf klukkustund var liðin frá því að
allir kjósendur höfðu verið kallaðir fram og greitt atkvæði, enda þótt ekki hafi verið
kært yfir þessu, heldur þvert á móti yfir því, að kjörstjórnin hafi ekki haldið áfram að
taka á móti atkvæðum allt fram að fundarlokum. En að *efninu* til álíta áfrýjendurnir
úrskurðinn ekki lögum samkvæman, þarsem hann sje byggður á því, að kjörstjórnin hafi
ekki mátt taka á móti atkvæðum lengur en hálfa klukkustund frá því að allir kjósend-
ur höfðu verið kallaðir fram og þeir greitt atkvæði, er við voru staddir, en þessi ástæða
bæjarstjórnarinnar hafi enga lagaheimild við að styðjast, með því 8. gr. bæjarstjórnartil-
skipunarinnar ekki verði skilin öðruvísi en svo, og hafi eigi heldur í framkvæmdinni verið
skilin öðruvísi en svo, að kjörstjórnin sje skyld að bíða hina umræddu hálfa klukkustund
og að taka á móti atkvæðum allra þeirra sem þá gefa sig fram, en að kjörstjórninni

12. dag marzmán. 1885.

23 hinsvegar sje leyfilegt að taka á móti atkvæðum eptir að þessi hálfu stund er liðin með 20. febr. því að þetta alls ekki sje bannað, enda ekki sýnilegt hverjum yrði órjettur gjör með því.

Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi herra bæjarfógetans, dags. 14. p. m., hefi meðtekið umsagnarskjöl frá meiri og minni hluta bæjarstjórnarinnar í tilefni af áfrýjun þessa máls til landshöfðingjans, skal jeg nú þjónustusamlega tilkynna yður það er nú skal sagt, til birtingar fyrir hlutaðeigendum.

Fyrst skal jeg geta þess, að mótmæli þau, er af hálfu meiri hluta bæjarstjórnarinnar hafa komið fram gegn áfrýjun þessa máls til landshöfðingjans, virðast vera ástæðulaus, því þaræð áfrýjendurnir eru kjósendur má áfrýjunin álitast að vera gjörð af rjettum hlutaðeigendum, og með því úrskurði bæjarstjórnarinnar var áfrýjað innan 14 daga frá því hann var uppkveðinn, þá hefir áfrýjunin verið gjörð í tækan tíma samkvæmt 9. gr. bæjarstjórnartilskipunarinnar.

Þvínæst skal jeg taka fram um málið sjálft, að kæra sú, er ritstjóri Björn Jónsson sendi bæjarstjórninni, enganvegin inniheldur neina umkvörtun yfir kosningargjörðinni í heild sinni, heldur er þvert á móti lýst yfir því í nefndri kæru, að kosningargjörðin muni hafa farið löglega fram, að undanskildu því eina atriði er gjört var að kæruefni, og talið sjálfsagt, að hún eigi að standa óhöggðu að þessu eina atriði fráskildu, og þetta eina atriði er í kærinni táknnað þannig: «kosning þessa eina manns, er hafði fæst atkvæði». Með því kærana var þannig löguð lá ekki annað fyrir bæjarstjórninni til úrskurðar en þetta eina atriði í kosningargjörðinni, sem svo skýrt er tekið fram í kærinni og sem hún á svo ákveðinn hátt er takmörkuð við.

En þarsem nú bæjarstjórnin ekki hefur haldið sjer innan þeirra takmarka, er þannig voru sett í kærinni, og í stað þess að kveða upp úrskurð um það kæruefni, sem fyrir hana var lagt, ótilkvöðd hefir fellt úrskurð um lögmæti kosningargjörðarinnar í heild sinni, og með þessum úrskurði dæmt ógilda kosningu fjöggra bæjarfulltrúa, sem engin kæra var komin um, þá hefir bæjarstjórnin með þessu tekið sjer það vald, er hún ekki hafði; því bæjarstjórnin hefur að lögum ekkert vald til að ónýta kosningu bæjarfulltrúa nema að því leyti kært hefir verið yfir slíkri kosningargjörð. Af þessari ástæðu verður að gjöra ómerkan úrskurð bæjarstjórnarinnar, að því er snertir ógildingu hennar á kosningu þeirra fjöggra bæjarfulltrúa, sem ekki var kært yfir.

En þótt bæjarstjórnin ekki hafi sjerstaklega úrskurðað um kosningu þess bæjarfulltrúa, er kæra ritstjóra Björns Jónssonar hljóðaði um og var takmörkuð við, finnst eigi að síður, með tilliti til þessa atriðis, tilefni til að meta þýðingu þeirrar ástæðu, er bæjarstjórnin byggði úrskurð sinn á. En hvað þessa ástæðu snertir verð jeg að fallast á þá skoðun áfrýjandanna, að hún hafi enga lagaheimild við að styðjast, og skal jeg í því tilliti taka fram, að sú aðferð kjörstjórnarinnar, að taka á móti atkvæðum kjósenda lengur en hálfu klukkustund frá því að allir kjósendur höfðu verið kallaðir fram og þeir greitt atkvæði er viðstaddir voru, kemur hvorki í bága við ákvarðanir bæjarstjórnartilskipunarinnar nje aðrar gildandi ákvarðanir. Einsog því engin ástæða er til að telja þessa aðferð ólöglega, þannig virðist hún í sjálfri sjer vera frjálslæg gagnvart kjósendunum og hagfelld. Að því er snertir þetta atriði getur því eigi heldur úrskurður bæjarstjórnarinnar staðist.

Af framangreindum ástæðum úrskurðast því hjermeð, að hinn áfrýaði úrskurður bæjarstjórnarinnar frá 15. f. m. falli úr gildi í heild sinni og leiðir þaraf, að bæjarfulltrúakosningin 3. f. m. stendur óröskuð.